



Fundargerð

Fundur í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykshöfn Reykjavíkur
mánudaginn 9. janúar 2017 kl. 10 (frestað vegna veðurs til kl. 13).

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður, Egill Sigurgeirsson og Rebekka Eiríksdóttir. Einnig sátu fundinn Kristján Ingi Arnarsson byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Formaður nefndarinnar bauð fólk velkomið og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 5. desember 2016.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1510018 – Flatey, upprunaland Tröllenda.

Lagt er fram hnitsett lóðarblað, eignarhluti Reykshöfn Reykjavíkur í Flatey, sem unnið var af Landmótun 23. janúar 2015. Lóðarblaðið er unnið upp úr gögnum bæði frá sveitarfélaginu og landbúnaðarráðuneytinu og skv. mælingu. Nefndin samþykkir lóðarblaðið samhljóða. Málið var sent til Þjóðskrár á sínum tíma. Byggingafulltrúa falið að fylgja málinu eftir. Samþykkt samhljóða.

3. 1701002 – Gjaldskrár 2017.

3.1 Gjaldskrá Reykshöfnar 2017.

Lögð fram gjaldskrá uppfærð um 1,9% eða sem nemur breytingu á neysluverðsvísitölu á milli ára. Samþykkt að hækka vörugjöld í 1. flokki úr 145 í 160 kr. á hvert tonn, vörugjöld í 2. flokki úr 234 í 250 kr. á hvert tonn og vörugjöld í 3. flokki úr 483 í 500 kr. á hvert tonn. Sveitarstjóra falið að lagfæra orðalag í 2. flokki: þar sem stendur paramjöl verði þörungamjöl. Gjaldskráin samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

3.2 Gjaldskrá vatnsveitu 2017.

Lögð er fram gjaldskrá uppfærð um 1,56% eða sem nemur breytingu á vísitölu byggingaverðs milli ára. Gjaldskráin samþykkt samhljóða, sveitarstjóra falið að birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

3.3 Gjaldskrá fráveitu 2017.

Lögð er fram gjaldskrá uppfærð um 1,56% eða sem nemur breytingu á vísitölu byggingaverðs milli ára. Gjaldskráin samþykkt samhljóða, sveitarstjóra falið að birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

Mál til kynningar:

4. 1509015 – Endurskoðun á áætlun hafna um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa.
Staðfesting Umhverfisstofnunar dagsett 20. desember 2016.

Lagt fram og kynnt.

5. 1603003 – Fundargerð 390. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

6. 1701019 – Mýrartunga 1, 212-2470, byggingaleyfi.

Fyrir nefndina er lögð afstöðumynd af tveimur húsum undir gistirými. Nefndin samþykkir byggingaáform fyrir húsin á jörðinni. Samþykkt samhljóða.

7. 1701020 – Leiguíbúðir sveitarfélagsins.

Farið var yfir leigu á íbúðum í sveitarfélaginu. Hún er mjög misjöfn eftir eignum og er rafmagn og hiti innifalið í sumum þar sem mælir er ekki til staðar.

Lagt er til að leigan verði samræmd. Karl tekur að sér að útbúa fyrstu tillögu. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að Hellisbraut 38 a og b verði settar í sölu.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 14.45.
